

32. fundur

16. apríl 2012

1201046SA RS
Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 16. apríl 2012, kl. 10:00.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum var Sólveig B.Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekið fyrir:

1. Erindi frá ÞÍ vegna röðunar tveggja starfsmanna hjá Akureyrarbæ sem frestað var á síðasta fundi.

Báðir starfsmenn starfa í fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og raðast sem yfirþroskaþjálfar en telja sig eiga að raðast sem ráðgjafaþroskaþjálfar samkvæmt kjarasamningi.

Niðurstaða:

SNS telur að samkvæmt upplýsingum frá starfsmannastjóra Akureyrarbæjar séu þessi störf ekki þess eðlis að þau falli undir skilgreiningu á starfi ráðgjafaþroskaþjálfra samkvæmt kjarasamningi, enda felst ekki í störfunum sú faglega stefnumótun, markaðssetning eða nýsköpun/innleiðing nýjunga innan stofnunar sem krafist er af ráðgjafaþroskaþjálfra.

Þ.Í. telur að störf þessara aðila falli vel að meginefni skilgreiningar á starfi ráðgjafaþroskaþjálfra, og að störfin séu komin vel út fyrir skilgreiningu á starfi yfirþroskaþjálfra og verkefnisstjóra. Félagið áskilur sér rétt til að taka málið aftur upp síðar.

Fundi slitið kl.10:50